

Stutt innihaldslýsing HoT

Head of Terms / Rammasamningur undirritaður 17. júlí 2009 af Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráhherra og Björk Þórarinsdóttur fyrir hönd ríkisbankans Nýja Kaupþings hf. og skilanefnd Kaupþings.

Markmið sammingsins að koma ríkisbankanum Nýja Kaupþing (nú Arionbanka) í eigu skilanefndarinnar þ.e. þrotabúsins og opna skilanefndinni leið til að taka upp og endurmeta lánasöfnin sem voru flutt í Nýja Kaupþing á grundvelli 5. gr. neyðarlaga og tilheyrandi úrskurðar FME frá október 2008.

Í tölulið 1 - 3 gefur að lesa almennar skilgreiningar og upptalningu verkefna.

4. töluliður fjallar um og áréttar hlutafjárúkningu í Nýja Kaupþingi hf. sem 100% ríkisbanka. Þá opnar hann leið fyrir skilanefndina til að rýna lánasöfnin í ríkisbankanum til að kanna hvort þeir vilji reyna að eignast 65% hlut í bankanum með því að fá að endurmeta lánasöfn til hækkunar og leggja fram aðrar eignir sem hlutafé (ekki reiðufé).

5. töluliður fjallar um fyrirhugað hluthafasamkomulag ef fyrirætlanirnar gengju eftir.

6. töluliður fjallar um ríkisábyrgð og skaðleysisyfirlýsingu til handa bankanum vegna Spron/Dróma. Um þetta ákvæði verður betur fjallað um í minnisblaðinu sem fylgir fjármögnunarsamkomulaginu.

7. töluliður upphefur bankaleyndina í ríkisbankanum og opnar skilanefndinni fullan aðgang að öllum upplýsingum um viðskiptavinum bankans, viðskiptaáætlunum framkvæmdastjórnar og rétt til að krefja um upplýsingar frá lykilstjórnendum.

Síðast en ekki síst opnar þessi liður skilanefndinni aðgang að matsskýrslum Deloitte LLP nr. 1 og 2 og Oliver Wyman eignamatinu sem áður voru sagðar leyndarskjöl að kröfu matsfyrirtækjanna skv. skýrslu SJS í mars 2011.

Þannig opnaðist leið fyrir nefndina til m.a. að kanna hvort unnt væri að „kreista“ meira út úr lánasöfnunum m.a. með því að skoða hugsanlegt upplausnarvirði eigna. Vætanlega er ekki lengur fyrirstaða gegn því að viðskiptavinir Arionbanka fái þessar sömu upplýsingar. Skuldarar verðtryggðu húsnaðislánanna hljóta nú að fá upplýsingar um yfirfærsluverðin.

8. töluliður fjallar um skilyrði samningsins. Þar kemur fram með afdráttarlausum hætti að FME var ætlað að taka þátt í þessu ferli þrátt fyrir neyðarlögin og fyrri úrskurði um stofnefnahag bankanna sem enn standa.

Sömuleiðis er áréttuð þar „ásættanleg lausn“ á málefnum Spron/Droma.

Loks er fjallað um að fyrir þurfi að liggja skýrsla endurskoðanda vegna ákvæði 6. gr. laga 2/1995 um hlutafélög en hún fjallar um það þegar hlutafé er ekki innt af hendi í reiðufé.

11. töluliður fjallar m.a. um sameiginlega stjórnun ríkisins og skilanevndarinnar á ríkisbankanum á meðan unnið er að samningum, þ.e. afsal stjórnunarréttar ríkisins.

Framhald rammasamningsins lýtur einkum að tímamörkum sem ekki stóðust. FME staðfesti ekki samningana um nýtt og breytt eignarhald fyrir en í janúar 2010. Þá hafði FME yfirfarið alla samninga og fylgiskjöl með þeim þar með talið „aftökulistann“ sem þeir eru reyna að þræta fyrir nú með orðhengilshætti.

Allur þessi rammasamningur fer í bága við meðalhófs og jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga. Þá verður ekki betur séð en hann brjóti gróflega gegn lögum 161/2002 um fjármálafyrirtæki svo sem 1. gr.19. gr. og 58.gr. laganna og væntanlega fleiri ákvæðum laganna.

Loks er til að taka að samningurinn gengur þvert gegn neyðarlögnum frá 2008.

Rammasamningurinn sýnir að FME var virkur þátttakandi í ferlinu frá sumrinu 2009.

FME var því í raun að rannsaka sjálft sig þegar ég kærði atferli Arionbanka til þeirra.

Stjórn og forstöðumenn FME eru því vanhæfir eftir reglum stórnarsýslulaga til þess að fjalla um málefni viðskiptavina fjármálafyrirtækja eins og Arionbanka. Það verður að telja líklegt að FME hafi átt sambærilega aðkomu í öðrum fjármálafyrirtækjum.